



## LANGANESBYGGÐ

### **22. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði fimmtudaginn 9. apríl 2015 og hófst kl 17:00**

**Mætt eru:** Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Reynir Atli Jónsson og Elías Pétursson sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Fundargerð 6. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar dags. 26. mars 2015**

Liður 2. Leyfi fyrir auglýsingarskiltum fyrir Báran KNA veitingar. Lagt til að sveitarstjórn samþykki fyrirliggjandi leyfi. Samþykkt samhljóða. Fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar.

##### **2. Fundargerð 1. fundar byggingarnefndar leikskóla dags. 30. mars 2015**

Lögð fram til kynningar.

L-listinn óskar eftir að koma með eftirfarandi bókun L-listans vegna fyrirhugaðrar skólamiðstöðvar.

L-listinn vill koma á framfæri áhyggjum sínum varðandi stefnu meirihlutans í fyrirhugaðri nýbyggingu á skólamiðstöð á Þórshöfn. Meirihlutinn hefur tekið þá stefnu að byggja við Grunnskólann á Þórshöfn þá byggingu sem verið hefur afar umdeild á meðal bæjarbúa, bæði hvað varðar hönnunina og ekki síður þá fjármuni sem ætlaðir eru í verkefnið. Þá ætlar meirihlutinn ekki að skoða aðra kosti frekar um staðsetningu og byggingarform og þykir okkur það miður.

Skýrt hefur komið fram hjá núverandi meirihluta að það eina rétta væri að hanna skólamiðstöðina alla þ.e.a.s. sjá hvernig endanleg útkoma verður en á sama tíma er talað um að setja einungis 250 milljónir í verkefnið en ekki um 450-500 milljónir eins og ætla má að endanlegur kostnaður byggingarinnar verði. Að okkar mati ætti umræðan um endanlega útkomu og kostnað verkefnisins að fylgjast að þó svo að það verði áfangaskipt því eftir fyrri áfanga kr. 250 milljónir vantar enn 200-250 millj. til að ljúka verkinu.

Á fyrsta fundi endurnýjaðrar leikskólabyggingarnefndar þann 30. mars s.l. kom fram að viðræður væru hafnar við Svalbarðshrepp um aðkomu að nýrri skólamiðstöð. Oddviti Langanesbyggðar sagði þar að sú upphæð sem Svalbarðshreppur kæmi með, ef af yrði, myndi bætast við þær 250 milljónir sem Langanesbyggð mun setja í verkefnið núna. Miðað við þetta er ekki verið að leita eftir hagkvæmustu leiðinni heldur stækkar þetta verkefni jafnt og þétt. Einnig hefur verið tekið allt aðra stefnu en talað var um í upphafi en samstaða var þá um nauðsyn nýs leikskóla en nú vill meirihlutinn ráðast í nýbyggingu skólamiðstöðvar þar sem áætlað er að byggja um 1000 fermetra og endurbæta um 350 fermetra í grunnskólanum. Að okkar mati er okkar litla sveitarfélag



## LANGANESBYGGÐ

hreinlega ekki í stakk búið til að takast á við svo umfangsmikið verkefni þó svo því verði áfangaskipt og hlýtur öllum að vera ljóst að öðrum aðkallandi verkefnum í sveitarfélaginu þarf að fresta um ókomna tíð ef af þessum áformum verður.

Það er mat L-listans að byggja eigi einfaldan og góðan leikskóla sem rúmar um 50-60 börn. Leikskólinn skal vera þriggja deilda og skal ein deildin vera ungbarnadeild. Hvað varðar staðsetningu þá viljum við að skoðaður verði sá kostur að byggja leikskólann fyrir ofan núverandi leikskóla. Við viljum að hugmynd að þeirri staðsetningu með nýbyggingu fái að sjást meðal almennings líkt og gert var með bygginguna sem nú er ætluð á lóð grunnskólans.

L-listinn vill með bókun þessari ítreka þá skoðun sína að þörf er á vandaðri vinnubrögðum og nánari skoðun á möguleikum ásamt kostnaði nýrrar leikskólabyggingar og mun því ekki styðja meirihlutann í þessu verkefni eins og málum er háttáð í dag.

### **3. Fundargerð stjórnar samrekstrar dags. 30. mars 2015**

Lögð fram til kynningar

### **4. Fundargerð 827. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 27. mars 2015**

Lögð fram til kynningar

### **5. Fundargerð 42. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara dags 27. mars 2015**

Lögð fram til kynningar

### **6. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga dagskrá og gögn.**

Lagt fram til kynningar

### **7. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélag orf 2015 – fundarboð**

Lagt fram til kynningar

### **8. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 30. mars 2015**

Lagt fram til kynningar

### **9. Fundargerð 171. Fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra dags. 4. mars 2015**

Lögð fram til kynningar

### **10. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra – Ársreikningur 2014**

Lagður fram til kynningar



## LANGANESBYGGÐ

### **11. Fundarboð frá Forsætisráðuneytinu – Málefni Þjóðlendna, haldinn þann 21. maí n.k. á Húsavík.**

Lagt fram til kynningar og ákveðið að senda á Landbúnaðarnefnd. Samþykkt samhljóða.

### **12. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 20. apríl 2015 – fundarboð**

Lagt fram til kynningar

### **13. Fundarboð á ársfund Stapa haldinn þann 29. apríl 2015**

Lagt fram til kynningar

### **14. Alþjóðadagur menningalegrar fjölbreytni 21. maí 2015**

Lagt fram til kynningar og ákveðið að senda áfram til Menningar- og bókasafnsnefndar. Samþykkt samhljóða.

### **15. Erindi frá eigendum Eiðis I, Ártúns og Eiðis II dags. 26. mars 2015**

Lagt fram til kynningar. Lagt er til að erindið verði sent áfram til umfjöllunar í Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar og til Fjallskilastjóra. Samþykkt samhljóða.

### **16. Kaupsamningur/afsal – Rútína ehf**

Hilma Steinarsdóttir benti á vanhæfi sitt undir þessum lið, borið undir fundinn og samþykkt. Hilma yfirgaf fundinn. Sveitarstjóri fór yfir málið. Einn eigenda Rútínu ehf hefur óskað eftir því að fá að kaupa hlut Fræs ehf í fyrirtækinu á 1 kr. Tilgangur kaupanna er að einfalda ferli við að leggja félagið niður. Lagt til að sveitarstjóri gangi frá málinu í samræmi við umræður. Samþykkt samhljóða. Hilma kom aftur inn á fund.

### **17. Vegamót**

Vegna hættu sem stafar af húsinu fóru fram umræður um hvort rétt væri að fjarlægja bygginguna. Ákveðið að vísa málinu áfram til Menningar- og bókasafnsnefndar Langanesbyggðar til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða.

### **18. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar, fyrri umræða.**

Í samræmi við fyrri bókanir sveitarstjórnar hefur sveitarstjóri látið yfirlesa samþykkt um stjórn Langanesbyggðar ásamt nýjum og eldri samþykktum fastanefnda.

Samþykktir teknar til fyrri umræðu og samþykkt samhljóða að vísa þeim til annarrar umræðu og staðfestingar á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

### **19. Rekstraruppgjör janúar til febrúar 2015**

Sveitarstjóri fór yfir annarsvegar rekstraruppgjör janúar til febrúar og hinsvegar launauppgjör sama tímabils. Sveitarstjóri áréttaði að fyrirvari væri gerður þar sem eftir er að yfirfara mánaðardreifingu áætlunar. Í maí verður lagt fram þriggja mánaða uppgjör sveitarfélagsins.



## LANGANESBYGGÐ

Rekstrarniðurstaða A og B hluta er 2.7 milljónum lakari en áætlun gerir ráð fyrir. Slakari afkoma á sér að stærstum hluta skýringar í lægri tekjum og hærri launakostnaði.

### 20. Skýrsla sveitarstjóra

- Sértækur byggðakvóti – Farið yfir stöðu máls.
- Skipan fjallskilastjóra – Búið er að ganga frá samningi um stjórnun fjallskila. Samningur var gerður við Sigurð Þ. Guðmundsson í Holti
- Fjarfundarbúnaður á Bakkafirði.
- Ársreikningur 2014 – Unnið er að gerð reiknings og reiknað er með að endurskoðendur muni mæta á næsta fund sveitarstjórnar
- Umsókn um byggingarlóð – Sveitarstjóri hefur verið í sambandi við umsækjanda, nú er beðið gagna frá skipulagshöfundi. Reiknað er með að málið verði klárt til afgreiðslu á næsta fundi.
- Viðhald gatna – Bréf var sent á Vegagerðina vegna Fjarðar- og Langanesvegar, óskað er eftir úrbótum vegna malbiksskemmda ofl.
- Fundur með Íslandsstofu – Þann 5. maí verður fundur haldinn á Vopnafirði með fulltrúum Íslandsstofu, um er að ræða samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Fundurinn á að vera hugmyndafundur um uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Verið er að vinna að formi og dagskrá.

Fleira ekki gert  
Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:21